



## Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 16. maí 2023

Fundur: 17. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Salur ÍSí Engjavegi

### Mætt:

**Aðalstjórn:** Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

**Varastjórn:** Björgvin Víningsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.

**Starfsmenn:** Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.
  - a. Boðun samþykkt. Engin erindi afgreidd milli funda.
2. Fjármál.
  - a. Frestað. Gjaldkeri mun stilla upp uppgjöri og senda út fyrir næsta fund.
3. Afreksúthlutun.
  - a. Farið var yfir tillögu að afreksúthlutun að vori sem áður hafði verið send á stjórn. Auk þess samþykkt tillaga um sérstakan styrk til Andreu Kolbeinsdóttur, vegna góðs árangurs að undanfögnu. Sú úthlutun samþykkt samhliða endurskoðun á afreksskipulagi utanvegahlaupa. Miðað var við að úthlutun færi ekki yfir 10 milljónir en styrkir yrðu greiddir aftur út í haust. Einnig var rætt um hvort koma ætti upp sjúkrasjóði eða ígildi hans til þess að styðja íþróttamenn sem glíma við meiðsli en engar ákvarðanir teknar varðandi það. Samþykkt að setja af stað starfshóp til þess að endurskoða og skýra reglur um úthlutun styrkja sem skili af sér í lok sumars.
4. Afreksverkefni sumarsins.
  - a. GK segir frá því að mikil vinna hafi farið fram undanfarið með íþrótt- og afreksnefnd enda sé hún nauðsynlegt bakland afreksstjóra. Sagt var frá helstu verkefnum sumarsins:
    - i. NM – hópur þegar tilkynntur.

- ii. Smáþjóðaleikar – hópur þegar tilkynntur.
  - iii. NM í þraut
  - iv. Evrópubíkar – stefnt að því að halda sæti í 2. deild.
  - v. HM – áhersla verður á reyna að ná fleirum inn
5. Staða á stórum verkefnum, firma boðhlaup og útbreiðsluverkefni
- a. JHB segir frá stöðu á boðhlaupsverkefnum að skandinavískri fyrirmynd. Markmið þessara verkefna er í senn fjáröflun fyrir sambandið og útbreiðsla íþróttarinnar. Enn er stefnt að því að setja verkefnið upp í samvinnu við grunnskóla eins og upphaflega hugmyndin gerði ráð fyrir en því hefur verið frestað um sinn. Stefnt er að því að fara af stað með annað “fullorðins” verkefni í haust að því gefnu að styrkir hafi fengist fyrir föstum kostnaði.
6. Önnur mál
- a. Starfsmannamál.
    - i. Starfsmaður miðlunar hefur sagt upp og mun láta af störfum í lok sumar. Unnið er að því að ráða í starfið.
  - b. Hlaupaverkefni.
    - i. Mikil vinna hefur verið unnin undanfarið við að tengja hlaupasamfélagið og FRÍ, m.a. með tilliti til skráninga og viðurkenninga hlaupa. Samstaða og góðar undirtektir hjá flestum. Þar sem verkefnið er ekki að öllu fullklárað, hvað varðar skráningu í gagnagrunna og afrekslista samþykkir stjórn FRÍ að gjaldtaka út árið 2023 verði 150 kr. per hlaupara en hækki um áramót, enda verði öll vinna varðandi tæknimál þá fullunnin.
  - c. Hlaupahópur Hauka hefur sótt um aðild að FRÍ og hún samþykkt.
  - d. Tillaga um að meistaramót sumarsins verði þriggja daga mót þar sem mótshaldarar hafa óskað eftir er samþykkt. .
  - e. Í samræmi við lagabreytingar á síðasta þingi FRÍ verða nú leyfilegt að hafa lágmörk á greinum í aðalhluta MÍ.
  - f. Í ljós kom að við uppfærslu reglugerða nr. 30 og 31 hafði ein samþykkt frá þinginu fallið niður. Þær samþykktu breytingar eru nú komnar inn í reglugerðir nr 30 og 31.
  - g. Samþykkt var að á Bikarmóti 11-15 ára verði 9 bikarar afhentir, fyrir hvort kyn í öllum aldursflokkum og svo heildar stigabíkar.
  - h. Þrír fulltrúar FRÍ sóttu þing ÍSÍ sem haldið var dagana 5.-6. maí á Ásvöllum í Hafnarfirði, Jóhann Haukur Björnsson, Bergþóra Guðjónsdóttir og Freyr Ólafsson

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.20